



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Hafnarfjörður  
Grunnskólar Hafnarfjarðar  
Skólanámskrá

# Skólanámskrá Hraunvallaskóla

II. og III. hluti



**5. bekkur**  
**Skólaárið 2021-2022**

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2021.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður:** Hafnarfjörður.

**Ábyrgð:** Lars Jóhann Imsland (skólastjóri Hraunvallaskóla)

**Útgefandi:** Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)  
Drekavöllum 9  
221 Hafnarfjörður

netfang: [hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is](mailto:hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



## Efnisyfirlit

## Contents

Inngangur .....	4
II.1. Samantekt kennslu í 5. bekk.....	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 5. bekk.....	7
II.3. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 5. bekk .....	8
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagiöf.....	10
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi.....	10
III. Náms svið og námsgreinar.....	11
I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál .....	12
A. Íslenska.....	12
I.1. Talað mál, hlustun og áhorf .....	12
I.2. Lestur og bókmenntir .....	13
I.3. Ritun .....	14
I.4. Málfræði.....	15
B. Íslenska sem annað tungumál.....	16
2. Erlend tungumál .....	18
2.1. Enska .....	18
2.2. Danska.....	19
3. List- og verkgreinar .....	21
A. hluti - listgreinar:.....	21
3.1. Sviðslistir – leiklist.....	21
3.2. Sjónlistir - myndmennt.....	22
3.3. Tónmennt (tónlist, taktur og túlkun) .....	23
B. hluti - verkgreinar: .....	24
3.4. Heimilisfræði.....	24
3.5. Hönnun og smíði.....	25
3.6. Textílmennt .....	26
4. Náttúrugreinar .....	28
5. Samfélagsgreinar.....	30
6. Skólaþróttir .....	32
6.1. Íþróttir .....	32
6.2. Sund.....	33
7. Stærðfræði.....	34
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði.....	34
7.2. Tölur, reikningur, algebra, hlutföll og prósentu.....	35
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi.....	37
8. Upplýsinga- og tæknimennt .....	38



## Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.



## II. Skólastarf 5. bekkjar

Litið er á nemendahópurinn sem eina heild með þrjú kennara og kallast hópurinn Hrísey. Hver kennari hefur umsjón með ákveðnum hluta hópsins. Stundaskráin er samansett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og list- og verkgreinum þ.e. myndmennt, tónmennt, leiklist, heimilisfræði, textílmennt, ásamt smíði og hönnun. Notast er við fjölbreyttar kennsluáferðir eins og leiki, umræður, ritun og svo framvegis til að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps. Nemendur leysa verkefni ýmist sjálfstætt eða með samvinnunámi svo sem paravinnu eða í hópastarfi. Sérkennarar koma inn í kennslustundir í íslensku, stærðfræði og lífsleikni samtals 15 kennslustundir á viku. Einnig fá nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku sérstaka aðstoð.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi og samvinnu við heimilin. Upplýsingagjöf til foreldra er mikilvægur partur af skólastarfinu og eru vikulega settar inn upplýsingar um starfið á Mentor auk þess sem áætlun fyrir hvert fag er aðgengileg á Mentor.

Heimanám verður þannig upp byggt að áhersla er á heimalestur sem á að vera að lágmarki 75 mínútur á viku, þar af skulu nemendur lesa upphátt fyrir foreldri eða forráðamann hið minnsta í 15 mínútur. Að auki er gert ráð fyrir að nemendur vinni vikulega verkefni í stærðfræði og jafnvel einhver tilfallandi verkefni, en þeim verður stillt í hóf. Mikil áhersla er lögð á að nemendur taki smám saman aukna ábyrgð á eigin námi og að þekking, leikni og hæfni hvers og eins sé efl.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluáætlaðir, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



## II. I. Samantekt kennslu í 5. bekk

Kennslutímar skiptast í eftirfarandi námsgreinar en upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öðrum námsgreinum:

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
<b>1. Íslenska</b>	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	7,5
<b>2. Erlend tungumál</b>	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	2 1
<b>3. List- og verkgreinar</b>	<i>A Listgreinar:</i> 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt	4
	<i>B Verkgreinar:</i> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	3
<b>4. Náttúrugreinar</b>	Náttúrugreinar	3
<b>5. Skólaíþróttir</b>	5.1. Íþróttir	2
	5.2. Sund	1
<b>6. Samfélagsgreinar</b>	Samfélagsgreinar	5
<b>7. Stærðfræði</b>	7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	5,5
	7.2. Tölur, reikningur og algebra	
	7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	
<b>8. Upplýsinga- og tæknimennt</b>	Upplýsinga- og tæknimennt	1
<b>Alls</b>		<b>35 kennslust.</b>



## II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 5. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur fái fræðslu um heilbriggt lífferni.</li> <li>• Að nemendur temji sér að koma með hollt og gott nesti í skólann.</li> <li>• Að nemendur fái hvatningu til að stunda hreyfingu og útiveru.</li> <li>• Að nemendur komi vel fram við hvert annað og læri að leysa mál sem koma upp í samskiptum sín í milli</li> <li>• Að hvetja og hrósa nemendum og leggjum áherslu á jákvætt og glaðlegt andrúmsloft.</li> <li>• Að efla vinatengsl milli nemenda og jákvæð samskipti.</li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur fái jöfn tækifæri til náms.</li> <li>• Að allir nemendur séu jafnir án tillits til þroska, kyns og uppruna.</li> <li>• Að allir fái að njóta sín á eigin forsendum.</li> <li>• Að nemendur beri virðing fyrir öðrum og geti unnið með öllum.</li> <li>• Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu og siðum.</li> <li>• Að nemendur læri að virða mismunandi trúarskoðanir.</li> <li>• Að nemendur læri að allir geta eitthvað en enginn getur allt.</li> </ul>
<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</b>	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.</li> <li>• Að nemendur temji sér umburðarlyndi gagnvart öðrum með því að læra að taka tillit til skoðana annarra.</li> <li>• Að kynna fyrir nemendum hugtökin lýðræði og mannréttindi. Lögð verður áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um réttindi sín og skyldur.</li> <li>• Að nemendur taka þátt í atkvæðagreiðslu um mál sem snerta þá sjálfa.</li> </ul>

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
-----------------------	---------------



<b>LÆSI:</b>	<p>Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að vinna að læsi í fleiri en einum skilningi, þ.e. læsi, félagslæsi, tilfinningalæsi, læsi í aðstæður og umhverfi o.fl.</li> <li>• Að stuðla að auknu læsi með yndislestri, samlestri og sögugerð.</li> <li>• Að nemendur læri hvenær er við hæfi að nota viss orð og raddblæ.</li> <li>• Að nemendur vinni með orðaforða, merkingu þeirra og notkun.</li> <li>• Að nemendur vinni margskonar lesskilningsverkefni.</li> <li>• Að nemendur læri að lesa í aðstæður og umhverfi og geti sett sig í spor annarra.</li> <li>• Að nemendur læri upplýsingaöflun með notkun mismunandi miðla.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<p>Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur efli umhverfisvitund sína.</li> <li>• Að nemendur læri um umhverfisvernd og mikilvægi þess að flokka og endurnýta, einnig hvetja nemendur til að vera með fjölnotaumbúðir utan um nesti.</li> <li>• Að nemendur temji sér góðan frágang og umgengni innan sem utan skóla.</li> <li>• Að nemendur læri að taka sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu með því að fara reglulega út og týna rusl af skólalóð.</li> <li>• Að kynna fyrir nemendum kosti þess að nýta almenningssamgöngur og nýta þær í ferðum nemenda.</li> <li>• Að kenna nemendum að nýta afgangsefni í verkefnavinnu.</li> <li>• Stuðlum að því að hver einstaklingur þroskist sem virkur borgari meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum.</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<p>Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur fái tækifæri til skapandi vinnu í skólastarfinu</li> <li>• Að nemendur öðlist færni í að virkja sinn eigin sköpunarkraft.</li> <li>• Að nemendur fái útrás fyrir sköpun með leikrænni tjáningu, sögugerð og dansi.</li> <li>• Að nemendur fái tækifæri til að nýta styrkleika sína en jafnframt að þeir fái tækifæri til að prófa eitthvað nýtt í tengslum við námið.</li> </ul>

### II.3. Kennsluáætlaður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 5. bekk

#### i. Kennsluáætlaður

5. bekkur er með eitt stórt heimasvæði og auk þess aðgang að öðru minna rými, möguleiki er á þrískiptingu á svæðinu. Á heimasvæðinu eru tvö glerherbergi sem hægt er að nýta sem kennslurými. Þrír kennarar eru með árganginn og vinna saman í teymi. Teymið vinnur saman að gerð kennsluáætla, undirbúningi kennslu og öðru skipulagi. Umsjónarhópar eru þrír. Hver kennari ber ábyrgð á einum





umsjónarhópi. Einn sérkennari kemur inn í 5 kennslutíma á viku og vinnur með kennarateyminu að skipulagningu þeirra tíma. Að auki kemur þroskaþjálfari að hópnum og kennari sem aðstoðar nemendur með annað móðurmál en íslensku. Á hverjum morgni er farið yfir daginn sem er framundan og oft rætt um fréttir og dagleg málefni. Í miðdeild eru spjaldtölvur notaðar sem eitt af kennslugögnum og því munu nemendur í 5. bekk kynnast í vetur.

## ii. Kennsluáætlanir

Í 5. bekk er lögð áhersla á fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir. Helstu aðferðir eru einstaklings- og áætlunarvinna, hópa- og paravinna, þemu, hringekja og stöðvavinna. Lögð er áhersla á tjáningu, skapandi og gagnrýna hugsun, hlutbundna vinnu og ábyrgð og mat á eigin námi. Ýmis námsgögn eru notuð til að styðja þau kennslu- og námsmarkmið sem unnið er með hverju sinni s.s. kennsubækur, spjaldtölvur, spil og leikir.

**Áætlunarvinna:** Nemendur fá áætlun fyrir eina viku í senn þar sem tiltekið er hvað nemendur eiga að gera í ákveðnum fögum s.s. stærðfræði og íslensku. Áætlun er aðlöguð nemendum þannig að hver nemandi geti klárað áætlunina sína ef hann nýtir tímann vel. Áætlun er skráð inn í mentor auk þess sem nemendur fá áætlunina á blaði sem þau setja inn í lestrarmöppu.

**Þema:** Samfélagsfræði og náttúrufræði eru kennd í þemavinnu.

**Hringekja:** Árgangnum er skipt upp í hópa og hver hópur fer á milli kennara eftir ákveðnu skipulagi. Hver kennari leggur áherslu á fyrirfram ákveðin markmið og aðlagar þau að hverjum hópi.

**Stöðvavinna:** Árgangnum er skipt upp í hópa og hver hópur vinnur að ákveðnum markmiðum hjá ákveðnum kennara í ákveðinn tíma.

**Heimanám** er lestur og ritun auk einstakra verkefna, að mestu í stærðfræði, sem send eru heim yfir veturinn.

Með fyrrgreindum kennsluáætlunum er lögð áhersla á að hver nemandi fái námsmarkmið og verkefni við hæfi. Sérkennari vinnur að skipulagi með teyminu hverju sinni.

## iii. Náms- og kennslugögn

<b>Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).</li> <li>● Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.</li> <li>● Kennslugögn til að leggja áherslu á hlutbundna vinnu.</li> <li>● Aðstoðargögn t.d. orðabækur og kortabækur.</li> <li>● Tölvur, spjaldtölvur og hugbúnaður.</li> </ul>
<b>Ritföng nemenda og persónuleg hjálpgögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Skólataska</li> <li>● Íþrótta- og sundföt</li> </ul>



## II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

Að hausti er skólakynning fyrir foreldra. Á hverjum föstudegi sendir teymið fréttir til foreldra um það helsta sem búið er að vinna að í skólanum og upplýsir um hvað sé framundan (regla vikunnar, viðburði ofl.)

## II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. Leiðsagnarmat

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum við að ná árangri. Í árgangnum er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- hefðubundnar kannanir (skriflegar og/eða munnlegar)
- mat á hæfni til sjálfstæðra vinnubragða og samvinnu
- mat á vinnubrögðum nemenda og skilum á verkefnum
- heimapróf
- sjálfsmat
- vinnubækur metnar
- framsagnir
- kannanir með aðstoðargögn

### b. Stöðumat

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með samtali á milli nemanda og foreldra/forráðamanna með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

### b. Lokamat

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn fyrir frammistöðu sína.



### III. Námsvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og þá kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í átta skilgreind námsvið en hverju námsviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námsvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námsviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfir þeim betur en námsefni bekkjarins og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggis og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemanda eftir því sem við á.



## I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

### A. Íslenska

#### 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

##### i. Hæfnivmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- greint munnlega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu
- Verið fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgt viðeigandi reglum
- Tjáð sig skýrt og áheyrilega
- Notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýningar og söngs
- Endursagt það sem hann hefur lesið
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli

##### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Skýr upplestur og tjáning.
- Tjáning á skoðunum.
- Hlustun og skilningur.
- Góð samskipti við skólafélaga og starfsfólk skólans.

##### iii. Námsgögn og kennsluefni

Pau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Smellur
- Orðspor 1
- Myndefni t.d. Fólkið í blokkinni
- Ljóðabækur
- Útprentað efni af neti
- Lesefni af bókasafni
- Kynningar á efni eftir vinnu nemenda s.s. þema vinnu, einstaklingsvinnu

##### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Vinna í bókum og öðru ítarefni
- Lestur bókmennta
- Umræður um viðburði í fréttum
- Kynningar á vinnu/niðurstöðum úr verkefna/þema vinnu
- Bekkjárfundir
- Öll vinna sem þjálfar samvinnu

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur fá tækifæri til að tjá sig og skoðanir sínar (á viðeigandi hátt) og á sínum forsendum. Einnig eru nemendur sérstaklega hvattir til að hlusta á aðra nemendur og taka tillit til skoðana og námsgetu.

##### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Kannanir
- Mat á lestri (leshraða og upplestri)



- Mat á hæfni við að vinna með öðrum
- Mat á hæfni við að hlusta á aðra
- Mat á kynningu á efni

## 1.2. Lestur og bókmenntir

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- lesið af öryggi
- beitt nákvæmislestri og leitarlestri
- aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni eða af netinu og unnið úr þeim
- gert grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- valið sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju og upplýsingaöflunar
- þekkt íslenska rithöfunda sem skrifað hafa bækur fyrir börn og unglunga
- lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- skrifað stutta greinargerð um bók eða sögu sem hann hefur lesið
- þekki nokkur bókmenntafræðileg hugtök sem fjalla um innihald ljóða s.s. rím, ljóðstafir, persónugervingar og boðskapur
- unnið með hugtökin persóna, sögusvið, atburðarás og sögulok í sögum
- nýtt sér lesskilning og fjölbreyttan orðaforða í vinnu verkefna
- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Lesfimi
- Lesskilningur
- Hugtakaskilningur
- Aðalatriði/aukaatriði í texta
- Ljóð

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Orðspor 1, lesbók og vinnubók
- Fólkið í blokkinni
- Fyrsti smellur
- Lesefni af bókasafni
- Ljóðabækur
- Þjóðsögur
- Ýmis lesskilningsverkefni

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Yndislestur
- Mínútulestur og PALS samlestur
- Kynning á bókmenntum, bæði sem upplestur og sem myndefni
- Þema sem fjallar um þjóðsögur
- Ýmis lesskilningsverkefni



- Heimalestur

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Sérkennari tekur ákveðinn hóp í lestur
- Lestraráttak heima fyrir
- Jafningjahópar í stöðvavinnu í lestri og lesskilningi
- Nemendur með slakan leshraða fá aukinn tíma til að æfa sig fyrir upplestur í skóla

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Mat á leshraða; hraðlestrapróf
- Mat á lesskilningi m.a. Orðarún og önnur lesskilningsverkefni
- Mat á framsögn
- Ástundun heimalestrar

### 1.3. Ritun

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- skrifað læsilega og af öryggi
- nýtt sér helstu atriði stafsetningar
- fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- unnið með upphaf, miðju og endi í frásögnum og nýtt sér þá uppsetningu í eigin skrifum
- gert stutta skriflega útdrætti úr lesnu efni
- skrifað almenna texta rétt eftir upplestri þar sem reynir á flestar stafsetningarreglur
- nýtt sér orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun

Upplýsinga- og tæknimennt:

- nýtt grunnþætti fingrasetningar
- nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða
- Verið gagnrýnin á gæði ýmissa upplýsinga
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Skrift
- Ritun á mismunandi textum
- Stafsetning
- Sköpun

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Orðspor 1, lesbók og vinnubók
- Málrækt 1
- Smellur
- Ýmis verkefni sem tengjast stafsetningu
- Hugtakakort í uppbyggingu á ritun



#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Skrift eftir forskrift.
- Skapandi skrif.
- Áhersla er á upphaf, miðju og endi í frásögnum. Sögupersónur, umhverfi og tíma.
- Ýmsar æfingar sem tengjast stafsetningu.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver nemandi fær tækifæri til að skila ritun eftir sinni getu t.d. vinna sumir nemendur ritun í tölvu/spjaldtölvu.
- Nemendur sem eiga erfitt með að skrifa texta eru hvattir til að skila t.d. teiknimyndasögu en samt sem áður eru gerðar kröfur með innihald og uppbyggingu. Nemendur fá ritunarefni við hæfi.
- Nemendur vinna ákveðinn hluta af verkefnum sem lögð eru fyrir bekkinn.
- Nemendur fá aðgang að hjálpargögnum í ritun og stafsetningu.

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Hver nemandi fær umsögn um skrift sína út frá þeim væntingum sem gerðar eru.
- Hæfni á uppbyggingu texta er metin.
- Stafsetningarkannanir.

### 1.4. Málfræði

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- þekkt nafnorð, helstu einkenni og beygingaform þeirra
- þekkt lýsingarorð, helstu einkenni og beygingaform þeirra
- þekkt sagnorð og helstu einkenni þeirra
- þekkt og notað valin orðtök og málshætti
- nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- geti raðað og flett upp orðum eftir stafrófsröð
- leikið sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með myndagátum, krossgátum, orðaleikjum og nýyrðasmíð

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðflokkar; nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.
- Stafsetning.
- Málfræðileg hugtök.
- Orðatiltæki og málshættir.

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Orðaspor 1
- Málrækt 1
- Kennsluefni útbúið af kennurum



- Hjálpargögn úbúin af kennurum
- Ýmsir textar sem verið er að vinna með hverju sinni
- Ýmis spil til að örfa orðaforða

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagirnir á málfræðihugtökum; orðflokkum og eiginleikum þeirra
- Áætlunarvinna með þann orðflokk sem unnið er með hverju sinni.
- Innlögn á orðatiltækjum vikunnar og unnið með notkun þeirra

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur fá tækifæri til að nota hjálparspjöld með málfræðireglum

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat
- Próf, munnleg og skrifleg
- Vinnusemi
- Verkefnavinna

## B. Íslenska sem annað tungumál

Námssviðið Íslenska sem annað tungumál er ætlað að bæta íslenskukunnáttu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda.

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda á hverju stigi (lokamat):

#### i. Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- Hlustun og talað mál:
  - skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim
  - tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu
  - spurt og beðið um útskýringar, meðal annars á einstökum orðum og orðatiltækjum
  - borið fram helstu máhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði
  - tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda
- Lestur, bókmenntir og ritun:
  - lesið og skilið texta við hæfi, s.s. námsefni og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur
  - lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum
  - notað íslenskt stafróf og tengst saman staf og hljóð
  - beitt einföldum reglum um stafsetningu
  - skráð athugasemdir og niðurstöður t.d. í samstarfshópi
  - skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð

#### ii. Viðfangsefni í náminu





Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Orðaforði
- Hlustun
- Lestur og lesskilningur
- Ritun
- Málfræði og setningaruppbygging
- Frásögn og framburður

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsbækur: Íslenska nýja málið mitt 1 og 2, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettisþjöl og útprentanlegt efni af vef), Íslenski máhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), smáforrit af App Store.
- Annað: Verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS.

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingskennsla
- Kennsla í litlum hópum
- Á heimasvæði árgangs

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Vinnubækur við hæfi hvers og eins
- Spil og leikir
- Umræður
- Lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat
- próf



## 2. Erlend tungumál

### 2.1. Enska

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustun
  - skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi þegar talað er skýrt
- Lesskilningur
  - lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum
- Frásögn og samskipti
  - haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum
  - í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum
- Ritun
  - skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengjast honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki
- Upplýsinga- og tæknimennt
  - nýtt leitarvélar við öflun upplýsinga við hæfi
  - nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar undir leiðsögn

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðaförði
- Lesskilning
- Hlustun
- Málfræði
- Ritun

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Hickory, Dickory og Dock
- Enska málfræðiæfingar A
- Hópaverkefni, rafræn verkefni, og föndur

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir
- Hlustun
- Leikir
- Hefðubundin vinnubókavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:



- Færnimiðuð kennsla
- Nemendur vinna í litlum hópum

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Kannanir
- Munnleg próf
- Orðakannanir
- Símat; virkni, samvinna og ábyrgð

## 2.2. Danska

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustun
  - Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta
- Lesskilningur
  - Lesið sér til gagns og gaman stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara og skólasystkina
- Frásögn og samskipti
  - Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
  - Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa
- Ritun
  - Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Náms hæfni
  - Tekið þátt í hópa- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
  - Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur
- Upplýsinga- og tæknimennt
  - nýtt leitarvélur við öflun upplýsinga við hæfi
  - nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar undir leiðsögn

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að skilja einfalt mál, hlustun í tengslum við viðfangsefnið sem unnið er með.
- Að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta,
- skilja létt texta af mismunandi gerð, s.s. myndasögur.
- Geti fylgt ýmsum einföldum textum, s.s. þulum, rími og ljóðum
- Geta tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað og kvatt. Að geta tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með.
- Að þjálfast í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.

### iii. Námsgögn og kennsluefni



Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Start lesbók
- Start vinnubók
- Myndbrot og hlustun
- Verkefnahefti, glósur og munnlegar æfingar

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir
- Hlustun
- Samtöl
- Hefðbundin vinnubókavinna
- Spil

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Færnimiðuð kennsla
- Nemendur vinna í litlum hópum
- Innlögn hjá kennara

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Kannanir
- Munnleg próf
- Orðakannanir
- Símat; virkni, samvinna og ábyrgð



### 3. List- og verkgreinar

#### A. hluti - listgreinar:

##### 3.1. Sviðslistir – leiklist

###### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- tekið þátt í skapandi leiklistarferli með jafningjum undir leiðsögn kennara
- tekið tillit til jafningja í samstarfi
- hlustað á hugmyndir jafningja og lagt fram eigin
- notað líkama sinn og rödd betur sem tæki til tjáningar
- notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína
- unnið með ímyndunaraflíð og sköpunargleðina

###### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Farið er í margskonar æfingar og leiki sem þjálfa einbeitingu, líkamsvitund, samskipti, framkomu, rödd, rýmisskynjun, samvinnu og tillitsemi við aðra.
- Unnið með leikræn verkefni þar sem nemendur setja sig í spor annarra og þurfa að takast á við ímyndaðar aðstæður.
- Aðferðir og vinnubrögð í námsgreininni eru eftirfarandi:
  - Látbragð
  - Kyrrmyndir
  - Paravinna
  - Leikspuni
  - Túlkun á eigin texta og annarra
  - Frásögn
  - Hópefli - leikir

###### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Leikmunir
- Búningar
- Spil
- Tónlist
- Veraldarvefurinn
- Ýmsar bækur tengdar leiklistinni

###### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

- Kennslan fer fram í leiklistarstofu
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru sex kennslustundir á viku í u.þ.b. sex vikur (16-17 skipti).
- Náms hópar eru blandaðir innan árgangs.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.



## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi.

- Þátttaka í verkefnum
- Frumkvæði og vinnusemi
- Frammistaða
- Samvinna
- Hæfniviðmið Hraunvallaskóla

## 3.2. Sjónlistir - myndmennt

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki
- byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu
- beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum
- sýnt virðingu í framkomu og samskiptum

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Grunnform
- áhrif ljóss og skugga
- grátónaskali og mismunandi blýantar
- litafræði: heitir og kaldir litir, jarðlitir, litstyrkur
- hlutbundin og óhlutbundin myndlist
- landslag og uppstilling
- forgrunnur, miðrými bakgrunnur
- skörun
- leirmótun

### iii. Námsgögn og kennsluefni

